

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1990

5. júní 1990

563

Nr. 229

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 223 25. maí 1987 um sérstakt jöfnunargjald á kartöflum og vörum unnum úr þeim, sbr. breytingu með reglugerð nr. 109 26. febrúar 1988.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. rg. nr. 223/1987, sbr. breytingu með 1. gr. rg. nr. 109/1988, orðist svo:

Af kartöflum og vörum sem flokkast undir tollskrárnumerið 1903.0001 og 2005.2000 í viðauka I við lög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 um breytingu á þeim lögum, skal greiða 100% jöfnunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 578 8. desember 1989.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

23. maí 1990

SAMÞYKKT

Nr. 230

um breytingu á samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988.

1. gr.

Orðin „áfengisvarnarnefnd“ og „nr. 82/1969“ í 62. gr. B. 2. samþykktarinnar falli brott.

2. gr.

Í lok 62. gr. samþykktarinnar komi nýr tölulíður, sem orðist svo:

24. **Áfengisvarnarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Um verksvið nefndarinnar fer eftir lögum nr. 82/1969.

3. gr.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.